



## Sindri Reynisson

Ég er 46 ára verkfræðingur frá Háskóla Íslands og er einnig með meistarapróf í hagfræði frá Konunglega tækniháskólanum í Stokkhólmi. Ég hef starfað á fjármála-markaði alla mína starfsævi, fyrst við þróun hugbúnaðar fyrir fjármálageirann en seinna meir við áhættustýringu. Undanfarin 10 ár hef ég unnið hjá Landsbankanum við þróun líkana til að meta útlánaáhættu bankans, lengst af í hlutverki forstöðumanns. Áður var ég í samskonar verkefnum hjá Nordea í Stokkhólmi. Auk þess hef ég starfað hjá Straumi fjárfestingarbanka og Nasdaq í Stokkhólmi og hjá Libra á Íslandi.

Þau málefni lífeyrissjóðsins sem eru mér hvað mest hugleikin eru:

### *Viðhalda góðri áhættudreifingu*

Góð áhættudreifing er nauðsynleg til að draga úr hættu á eignarýrnun vegna þeirra fjármálaáfalla sem óhjákvæmilega munu dynja á okkur í framtíðinni. Lágt hlutfall erlendra eigna í Aldursdeildinni vekur athygli mína og tel ég mikilvægt að skoða hvort aukið vægi þeirri í safninu myndi skila betri áhættudreifingu. Málið horfir öðru vísi við Hlutfallsdeildinni, þar sem stór hluti sjóðfélaga hefur þegar hafið lífeyristöku, en þar er nauðsynlegt að viðhalda varfærinni fjárfestingarstefnu sem byggir að mestu á áhættulitlum innlendum eignum.

### *Halda niðri kostnaði*

Mikilvægur þáttur í því að ná góðri langtímaávöxtun er að halda kostnaði niðri. Þar sem Lífeyrissjóður bankamanna er ekki stór á íslenskan mælikvarða þá getur reynst erfitt að ná fram stærðarhagkvæmni í rekstrinum. Því er mikilvægt að leita stöðugt leiða til að reka sjóðinn með sem hagkvæmustum hætti og lágmarka rekstraráhættu hans. Samrekstur við aðra sjóði gæti verið vænlegur kostur.

Nái ég kjöri mun ég leggja mig allan fram við að gæta hagsmuna Lífeyrissjóðs bankamanna og sjóðfélaga hans.